


Þingeyri 10. febrúar 2020

Til: Bæjarritara og starfandi bæjarstjóra, Þórdís Sif Sigurðardóttir.

Efni: Framkvæmdafé ársins 2018 og 2019 .



Íbúasamtökin Átak, Þingeyri fara þess á leit að endurskoða þurfi auka fjárveitingu vegna ónýtts framkvæmdafés á árunum 2018 og 2019.

Samkvæmt áður sendum gögnum sem fylgja þessu bréfi sína að framkvæmdafé fyrir árin voru samþykkt og tekin fyrir á bæjarráðsfundi 6. ágúst. Á þessum fundi var bæjarstjóra falið að hafa samband við íbúasamtökin og gera samninga og setja skilyrði í tengslum við eintaka fjárfestingarliði. Samtökin hafa beðið eftir þessu sambandi og ítrekað reynt að ýta á eftir svörum.

Íbúasamtökin lýsa yfir mikilli óánægju vegna hæagangs málsins. Við teljum það mjög brýnt að þetta framkvæmdafé verði afgreitt fyrir „Brothætta byggð“.

Virðingarfyllst, fulltrúar Íbúasamtakana Átaks

Sigmundur Friðar Þórðarson

Sigmundur F. Þórðarson

Lára Ósk Pétursdóttir

Lára Ósk Pétursdóttir

Hafsteinn M. Andersen

Hafsteinn M. Andersen

Magnús Ellegó Steinþórsson

Magnús E. Steinþórsson

Erna Höskuldsdóttir

Erna Höskuldsdóttir



Bref sent á Þórdísi 31. maí 2019.

Sæl Þórdís

Hér koma óskir íbúasamtakana Átaks á Þingeyri vegna ráðstövnunarfés.

Afgangur síðan 2017: 1.000.000 kr. (ærslabelgur + vinna kostaði ekki 2 milljónir og bærinn sparaði mikla peninga að panta fleiri ærslabelgi beint).

Afgangur síðan 2018: 2.000.000 kr.

Ráðstövnunarfé 2019: 2.000.000 kr.

Samtals: 5.000.000 kr.

- Slátturorf = 430 þús.
- Grill = 470 þús.
- Hoppukastali = 1.860.000 kr.
- Líkamsræktartæki úti = 1.200.000 kr.
- Hænsnakofi = 40 þús.
- Flutningur á pening til ársins 2020 fyrir stærri hoppukastala = 1.000.000 kr.

Rökstuðningur:

Í viðhengi eru allar upplýsingar um verð og tilboð. Höldum að þessar óskir ættu flestar að vera auðveldar í framkvæmd og ekki þurfa sérstaka meðferð vegna deiliskipulags nema kannski líkamsræktartækin.

Við erum líka til í að hitta ykkur til að fara yfir þessar óskir með ykkur á fundi. Við þurfum jafnframt að setjast fljótlega niður á fundi til að ræða Tankinn og skipulag varðandi umhverfi hans eða gæti Kristján Þór komið fram áherlsum varðandi hann á bæjarstjórnarfundi?

Annars höfum við verið dugleg að funda undanfarið og unnið undirbúningsvinnu varðandi kostnað, talað við fólk sem hefur reynslu og fengið tilboð og eins kannað flutningskostnað fyrir allar þessar óskir okkar. Komið er að því að við þurfum að fá samþykki bæjarstjórnar fyrir þessum hugmyndum svo við getum haldið áfram og framkvæmt. Okkur langar að keyra á þetta svölítið hratt svo að t.d. hoppukastalinn verði kominn fyrir Dýrafjarðardaga.

Það sem snýr að tæknideild:

Erna skólustjóri leik, og grunnskólans mun fara í leyfismál varðandi hænsnakofa við leikskólann (heilbrigðiseftirlit og fl.) og velja staðsetningu út frá því.

Hreyfitækin sjáum við fyrir okkur við göngustíga. Getum sjálf séð um uppsetningu s.s. steypa festingar og fl. með það fyrir augum að hægt sé að flytja þau seinna og taka niður yfir vetrartíma.

Annað ætti að vera í góðum málum hvað varðar leyfi og skipulag.

**Orf:** Við settum okkur í samband við Steinþór Ólafsson, sem sér um sláttur fyrir Ísafjarðarbæ. Hann tók mjög vel í hugmyndina og ráðlagði okkur að fá tilboð frá Vetrarsól um tæki sem hentuðu til þessa að ráðast á kerfil og þessi svæði sem ekki eru slegin af bænum. Inn tilboðinu sem við fengum eru 2 stór tæki hins vegar sem henta vel í kerfil og lúpínu. Annars vegar eru það 2 minni tæki sem henta íbúum til að fá að láni til að slá garða sína og nær umhverfi. Í tilboðinu eru einnig öryggishlífar og fleira sem tilheyra vinnu með orf. Umsjón með tækjunum er í samstarfi við Róbert Daníel / Véla,- og bílþjónustu Kristjáns. Leggjum til að bærinn panti þetta og gangi frá greiðslu og láti senda á Simbahöllina eða á verkstæðið.

**Grill:** Höfðum samband við íbúasamtökin á Flateyri. Grillið sem þau eiga kostaði 200 þús. og var smíðað af heimamönnum. Við viljum gera slíkt hið sama. Heimamaður með reynslu og þekkingu til verksins getur pantað efni og unnið úr því. Við munum senda reikning á Ísafjarðarbæ. Með efniskaupum og vinnu verður reikningur 470 þús. Þetta verða þrjú stór grill eins og þetta sem er á Flateyri. Múr og stimplun (Pétur Albert) er ábyrgðaraðilli verksins og mun senda reikninginn.

**Hænsnakofi:** Keyptur af Jónu Simonía á Ísafirði. Hún gerir reikning sem við komum til bæjarins. Leikskólinn og íbúasamtök greiða fyrir kofann.

**Hoppukastali:** Kastalinn sem við vildum kaupa í fyrstu er uppseldur og tekur of langan tíma til að afgreiða. Við ákváðum að best væri að panta minni kastala fyrir þetta sumar og annan lítinn fyrir yngri börn. Fyrirtækið sem við höfum verið í sambandi við er þýskt og er stærsti framleiðandi í Evrópu. Nafn fyrirtækis er JB inflatables. Þeir eru tilbúnir að senda okkur kastalana og senda þá frítt til Eimskip í Rotterdam fyrir okkur. Eimskip hefur gert okkur mjög gott tilboð í flutning frá Rotterdam til Ísafjarðar = 70 þús. Samtals væri þetta með flutning og virðisauka 1.860.000 kr. Við óskum eftir því að Simbahöllin panti og sjái um greiðslur. Þegar kastalinn er kominn sendir Simbahöllin Ísafjarðarbæ reikning.

**Líkamsræktartæki, úti:** Þöntuð frá Póllandi. Sjáum fyrir okkur að byrja á 5 tækjum til reynslu. Ef þau reynast vel langar okkur að fá fleiri og með því hvetja íbúa og gesti okkar til heilsueflingar. Fengum tilboð frá nokkrum fyrirtækjum og höfum valið það besta: sérfræðinga á sínu sviði, traustir, við höfum aðilla í Póllandi (Íslending) sem aðstoðar okkur. Verðin innihalda flutning og vask. Monika og Sigmundur hafa unnið að þessu verkefni. Leggjum til að Íþróttafélagið Höfrungur panti og gangi frá greiðslu og sendi svo reikning á Ísafjarðarbæ, 1.200.000 kr. (í viðhengi eru þau tæki sem stjórn íbúasamtaka hafa valið).

Að lokum vonum við að þið takið vel í þessar hugmyndir. Við tengjum þær verkefninu Brotthættarbyggðir, byggðarverkefninu sem við erum þátttakendur í. Okkur langar að búa til sérstöðu til að fá til okkar fleira fólk ásamt því að sinna íbúum. Hugmyndirnar um hoppukastala og líkamsræktartæki

biðjum við ykkur um að hafa fyrir ykkur.

Fyrirhönd Íbúasamtakana Átaks, Þingeyri.

Wouter, formaður.



Fundargerð:

Mættir: Agnes, Lára Ósk, Sigmundur, Monika, Wouter og Erna.

Fundur hefst kl. 8

Efni fundar:

- Það þarf að kjósa nýjan formann fyrir hverfisráðið í september ásamt fulltrúa í brothættar byggðir í stað Wouters sem veður ekki á Þingeyri næsta vetur. Allir sammála um að það sé nægur tími til að hugsa um það og ekki heppilegt að kjósa og velja fulltrúa í sumar þar sem allir hafa næg verkefni.
- Wouter heldur áfram að sinna og hugsa um verkefnið „Tankinn“. Umræður um Suðurverk og þeirra hjálpssemi varðandi verkefnið en mikilvægt er að verkefnið fái meðbyr til að hægt sé að nýta þá vinnu sem Suðurverk býður í verkefnið. Ísafjarðarbær er búinn að tefja verkið sem allir eru sammála um að sé miður. Væntanlega þarf að setja verkefnið á frest þar til næsta vor en gera kröfur á bæinn um að allt sé komið á hreint sem snýr að þeim fyrir þann tíma.
- Göngustígur, hvað er að fréttu af honum? Hann er enn á kafi í lúpínu og enginn vinna hefur sést við hann.
- Pálmar Kristmundsson, arkitekt -kynning á verkefni PkDm, Sólsetrið. Spannandi, mjög áhugarvert verkefni sem allir í ráðinu eru sammála um að við viljum styðja. Býður upp á fjölda tækifæra, er einstakt og vel úthugað. Fundarmenn sammála um að þarna sé drifkraftur fyrir Þingeyri og við sammála um að svona verkefni fái „hjólin“ til að snúast til framtíðar.
- Umræður um hvort ekki eigi að bjóða fulltrúa bæjarins á alla fundi okkar til að styrkja böndin.
- Malbikun, við þurfum að senda frá okkur formlegt bréf um malbikun á næsta ári. Hvetja þarf Vegagerðina til að klára að malbika í gegnum allt þorpið. Laga þarf bílaplan við Félagsheimili og leikskóla. Undirritun bréfa frá okkur ætti að vera stjórn Átaks, hverfisráðs Þingeyrar.
- Umráðafé: Við fáum 4 milljónir á þessu ári (ekki 5 eins og við héldum). Allar hugmyndir oökar hafa verið samþykktar. Vangaveltur voru samt um orfin og skipuagið vegna þeirra. Umræður um hvernig best væri að skipuleggja verklag varðandi lán og viðhald. Allir sammála um að það sé ekkert öðruvísi en ef við værum að lána tjald eða hátalara. Það þarf að búa til reglur. Ákveðið að prófa þetta og panta 2 tæki í stað 4 til að prufu. Hvetja fólk og gefa tækifæri til að hirða sjálft í kringum sína garða og ýta undir áhuga ef fólk vill ráðast á lúpínu og kerfil sjálft. Það sakar ekki að reyna og trúna því að þetta gangi vel og að fólk taki jákvætt í þetta.
- Útilíkamsræktartæki, gerum ráð fyrir 1 milljón til að byrja með. Samkv. þeim verðhugmyndum og athugunum sem Monika og Sigmundur eru búin að gera ætti það að duga fyrir 6 tækjum. Gert er ráð fyrir sjálfoðavinnu í uppsetningu.
- Rennibraut, 2,670 milljón. Stór loft braut sem væri opin yfir sumarið fyrir íbúa og gesti okkar.
- Ákveðið að geyma grillin til næsta árs.
- 40 þús. Hænsnakofi fyrir leikskólann.
- Hugmynd um að sækja um styrk til verkefna í brotthættum byggðum næsta vetur.

Á fundinum ræddum við einnig um að auglýsa opna fundi samtakanna. Setja upp hugmyndabanki í Blábankanum og gefa út fréttabréf 1-2x á ári.

- Vaðlaug vs. heitur pottur í Sundlaug Þingeyrar: Á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir 5 milljónum í verkefnið. Bærinn sá fyrir sér að setja upp 12 manna skel (heitan pott). Það vantar tengingar og hreinslunarbúnað í lagnakjallara og tæknirými þessar 5 milljónir ættu að duga fyrir því og þess vegna gæti vinna hafist við það á þessu ári svo lýkurnar á að pottur eða vaðlaug færu í framkvæmd næsta ár. Forstöðumaður er búin að vera í sambandi við marga aðra forstöðumenn annara sundlauga sem allir mæla frekar með vaðlaug í stað heitapotts. Það er líka heitur pottur inn. Vaðlaug kemur til með að þjóna meirihluta gestanna. Hverfisráðið vill styðja forstöðumann og vilja vaðlaug fyrst og svo væri hægt að huga að heitum potti í framtíðinni. Sundlaug og tjaldstæði á Þingeyri mjög vel sótt og vert að huga að þessu með framtíðina í huga bæði fyrir íbúa Dýrafjarðarar og gesti. Samtökin treysta því forstöðumanni og starfsfólki sundlaugar um þessa ákvörðun og vilja vaðlaug.

Næsti fundur fyrirhugaður í lok júlí, efni þess fundar eru formleg bréf frá samtökunum.

Fundi slitið, kl. 10:30

Ritari Erna Höskuldsdóttir



## 9. Íbúasamtökin Átak í Dýrafirði, nýting framkvæmdafjár - 2017010043

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 31. júlí sl., þar sem lagt er til hvernig fjárfestingarfé Hverfisráðs Íbúasamtakanna Átaks í Dýrafirði skuli nýtt á árinu 2019.

*Bæjarráð samþykkir umbeðna nýtingu framkvæmdafjár og felur bæjarstjóra að gera samninga og setja skilyrði í tengslum við einstaka fjárfestingarliði.*

## 10. Mánaðaryfirlit 2019 - 2019050079

Lagt er fram minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 1. ágúst sl., um skatttekjur og laun frá janúar til júní 2019. Þar má sjá að útsvarstekjur eru 15,4 m.kr. undir áætlun og eru 1.098 m.kr. fyrir tímabilið. Jöfnunarsjóður er 25,6 m.kr. yfir áætlun eða 459,6 m.kr. Að lokum er launakostnaður 15,4 m.kr. undir áætlun en launakostnaðurinn nemur 1.339 m.kr. í lok júní 2019.

*Lagt fram til kynningar.*

Edda María Hagalín, fjármálastjóri, mætti til fundarins kl. 9:21. Edda María yfirgaf fundinn kl. 9:36.

## 11. Ísafjarðarflugvöllur og flugsamgöngur - 2017100060

Umræður um fækkun fluga Air Iceland Connect til Ísafjarðar.

*Bæjarráð leggur fram eftirfarandi bókun vegna fyrirætlana Air Iceland Connect um að fækka ferðum til Ísafjarðar í vetur:*

*„Í ljósi fréttu um fækkun ferða flugfélagsins Air Iceland Connect til Ísafjarðar hvetur bæjarráð Ísafjarðarbæjar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármálaráðherra til að tryggja svokallaða skosku leið sem er niðurgreiðsla á flugfargjöldum fyrir fólk sem býr fjarri höfuðborginni. Góðar flugsamgöngur eru nauðsynlegar til að tryggja aðgang íbúa landsbyggðarinnar að nauðsynlegri og sérhæfðri þjónustu sem er aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt eru þær mikilvægar fyrir atvinnulífið okkar sem nú er í örum vexti. Flugfargjöld hafa hækkað sl. ár með þeim afleiðingum að farþegum hefur fækkað, sem veldur því að dregið er úr flugferðum til Ísafjarðar og Egilsstaða. Verði skoska leiðin innleidd sem fyrst eru allar líkur á því að farþegum muni fjölga á ný og það náist samlegðaráhrif sem nýtist öllum.“*

# Bæjarráð

1069. fundur

06. ágúst 2019 kl. 08:05 - 09:48

í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði

## Nefndarmenn

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður

Hafdís Gunnarsdóttir formaður

## Starfsmenn

Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarritari

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarritari

## Dagskrá

### **1 Ránargata 4, Flateyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - . 2019070003**

Steinunn Bjarney Hilmarsdóttir sækir um endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Ránargötu 4, Flateyri.

*Bæjarráð samþykkir endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignarinnar að Ránargötu 4, Flateyri.*

### **2 Byggðasamlag Vestfjarða - þjónustusamningur og samstarfssamningur - . endurskoðun 2016 - 2016100073**

Kynnt er bréf Sifjar Huldar Albertsdóttur, framkvæmdastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dagsett 6. júní sl., með samstarfs- og þjónustusamningum sem BsVest og sveitarfélög innan BsVest gera með sér. Óskað er eftir athugasemdum eða samþykki frá félagsþjónustusvæðum vegna samninganna.

*Bæjarráð óskar eftir frekari fresti Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til að gera athugasemdir við framlagðan samstarfs- og þjónustusamning.*